

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 41/2013, um heimild til handa ráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að fjármagna uppbyggingu innviða vegna atvinnustarfsemi í landi Bakka í Norðurþingi, með síðari breytingum (fjárheimild).

Frá meiri hluta atvinnuveganefndar (JónG, LRM, HarB, ÁsF, KLM, PJP, ÞorS, ÞórE).

1. gr.

Orðin „sem kostar allt að 1.800 millj. kr., miðað við verðlag í lok árs 2012“ í a-lið 1. mgr. 1. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ekki verði tilgreind sérstök fjárhæð í a-lið 1. mgr. 1. gr. laganna fyrir gerð veltengingar milli Húsavíkurhafnar og iðnaðarsvæðisins á Bakka. Komið hefur í ljós að kostnaður við hana er meiri en kveðið er á um í greininni. Ekki er hefð fyrir því að tilgreina sérstaka fjárhæð í lagaheimildum af þessu tagi, enda heimild veitt í fjárlögum.

Mikilvægt er að það viðbótarfé sem veita þarf til þessa verkefnis verði ekki tekið af þeim fjármunum sem renna til almennra samgönguframkvæmda um landið.